

Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til biskups Íslands um breytingu á sóknaskipun og prestakallaskipun í Árnesprófastsdæmi:

Með vísun til bréfs yðar, háæruverðugi herra, dags. 28. f. m., og til samþykktar héraðsfundar í Árnesprófastsdæmi, samþykktar safnaðafunda í Hrepphólasókn og Stóra-Núpsókn í Árnesprófastsdæmi, fellst ráðuneytið hér með á, samkvæmt heimild í 11. gr. laga nr. 35/1970 um skipun prestakalla, prófastsdæma og kristnisjóð, eftirfarandi breytingu á sóknaskipun í Árnesprófastsdæmi: Að Hrepphólasókn verði skipt um Stóru-Laxá, sem eru hreppamörk milli Gnúpverjahrepps og Hrunamannahrepps, þannig, að sá hluti sóknarinnar, sem er í Gnúpverjahreppi sameinist Stóra-Núpsókn, en hinn hluti sóknarinnar, sem er í Hrunamannahreppi, verði sérstök sókn, Hrepphólasókn. Jafnframt að Hrepphólasókn verði látin tilheyra Hrunaprestakalli í stað Stóra-Núpsprestakalls.

3. desember 1974.

Nr. 376.

SAMÞYKKT

um hundahald á Bíldudal.

1. gr.

Hundahald er bannað á Bíldudal.

2. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að veita einstaklingum í hreppnum undanþágu til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

- a. Hundurinn skal skráður á skrifstofu hreppsins, og þar fær eigandi hundsins afhenta merkta plötu, sem jafnan skal vera í ól um háls hundsins.
- b. Árlega skal sveitarstjórn greitt leyfisgjald fyrir þá hunda, sem undanþága er veitt fyrir. Gjaldið, sem sveitarstjórn ákveður fyrir eitt ár í senn, skal renna til þess að standa straum af kostnaði við eftirlit með hundum í hreppnum og skal upphæð þess við það miðuð. Hundar, sem notaðir eru við búrekstur í hreppnum, eru undanþegnir þessu gjaldi.
- c. Skyld er hundeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu tryggingarfélagi. Við greiðslu árlegs leyfisgjalds skal leggja fram kvittun frá tryggingafélaginu, sem sýni, að tryggingin sé í fullu gildi.
- d. Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannaferi, heldur vera í taumi, í fylgd aðila, sem fullt vald hefur yfir honum. Eigi er leyfilegt að fara með hunda inn í matvöruverslanir eða aðra staði, þar sem matvæli er um hönd höfð.
- e. Leyfi fyrir einstökum hundum eru jafnan háð því, að þeir raski eigi ró íbúa hreppsins og séu hvorki þeim né öðrum, sem um hreppinn fara, til óþæginda.
- f. Hundeiganda ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum, er hundahald varða, þar á meðal reglum um árlega hreinsun hunda og greiðslu hundaskatts, svo og fyrirmælum, sem heilbrigðisnefnd setur.

Við brot á skilyrðum fyrir undanþágu til hundahalds skal fjarlægja viðkomandi hund. Sé í Suðurfjarðahreppi starfrækt hundageymsla, skal hundinum komið fyrir þar, sé um minni háttar brot í fyrsta sinn að ræða. Eigandi hundsins yrði þá að leysa hundinn þaðan út gegn greiðslu alls kostnaðar vegna brotsins. Sé hundageymsla ekki starfrækt í Suðurfjarðahreppi, eða sé um að ræða alvarlegt brot eða ítrekað brot, afturkallast viðkomandi undanþága til hundahaldsins.

Sveitarstjórn er heimilt hvenær sem er að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll veitt leyfi telji hún þess þörf.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Suðurfjarðahrepps, staðfestist hér með skv. 1. gr. laga nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sula-veiki og lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 3. desember 1974.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Ingimar Sigurðsson.